

Langanesbyggð Endurskoðunarskýrsla

Ársreikningur 2024

—

Maí 2025

Langanesbyggð

Langanesvegi 2

680 Þórshöfn

15. maí 2025

KPMG ehf.

Fagradalsbraut 11

700 Egilsstaðir

Sími 545 6000

www.kpmg.is

Sveitarstjórn Langanesbyggðar

Við sem endurskoðendur sveitarfélagsins höfum það hlutverk að endurskoða ársreikning Langanesbyggðar fyrir árið 2024 sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að endurskoða ársreikninginn í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem miðar að því að gefa álit á ársreikningnum sem gerður er af stjórnendum undir eftirliti sveitarstjórnar.

Ábyrgð stjórnenda

Endurskoðun ársreiknings leysir stjórnendur ekki undan ábyrgð sinni. Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á gerð ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því að veita okkur aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli við gerð ársreikningsins og öllum viðbótarupplýsingum sem óskað er eftir og óheftan aðgang að starfsmönnum sveitarfélagsins.

Tilgangur skýrslunnar

Í þessari skýrslu upplýsum við um mikilvæg atriði sem komu upp við endurskoðun ársreikningsins sem skipta máli fyrir sveitarstjórn og stjórnendur.

Endurskoðuninni er ekki lokið og atriði í skýrslunni geta breyst fram að því að við áritum ársreikninginn.

Við gerum ráð fyrir að árita ársreikning sveitarfélagsins þegar sveitarstjórn hefur samþykkt hann og mál sem fram koma á blaðsíðu 3 eru frágengin.

Við gerum ráð fyrir að árita ársreikning sveitarfélagsins með fyrirvaralausri áritun.

Takmarkanir á dreifingu

Innihald þessarar skýrslu tengist aðeins þeim málum sem við höfum vitneskju um og sem við teljum að þurfi að upplýsa ykkur um sem hluta af endurskoðun okkar. Skýrslan er ekki tæmandi yfirlit um öll viðeigandi atriði og getur breyst. Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar gera ekki ráð fyrir að við hönnum ferla í þeim tilgangi að bera kennsl á viðbótaratriði til að koma á framfæri við ykkur.

Skýrslan er gerð á þeim grundvelli að hún er aðeins í þágu sveitarfélagsins. Það eru þó engar takmarkanir á frekari dreifingu skýrslunnar af okkar hálfu, en við samþykkjum ekki neina ábyrgð gagnvart þriðja aðila, sé vitnað í hana eða vísað til hennar að hluta eða í heild.

Skuldbinding okkar um gæði í endurskoðun

Við skilgreinum „**gæði í endurskoðun**“ þegar

- endurskoðunin er unnin með **samræmdum hætti**, í takt við kröfur og tilgang **faglegra staðla** innan **áreiðanlegs gæðastjórnarkerfis** og
- allar aðgerðir okkar eru unnar í umhverfi þar sem gerðar eru kröfur um **ýtrustu hlutlægni, óhæði, siðferði og heiðarleika**.

KPMG hefur skuldbundið sig til að sinna hlutverki sínu í almannapágu með gæða endurskoðun og staðfestingu sem gagnast fjárfestum og öðrum hagsmunaaðilum.

Fyrirtæki eru farin að nýta gervigreind í meira mæli, breytt alþjóðlegt umhverfi og efnahagsleg óvissa hafa raskað viðmiðum og fyrirtæki þurfa að virkja aðgerðir gegn samfélagslegum ógnum eins og loftslagsvá.

Hraði og umfang breytinganna styrkir aðeins ásetning okkar um að tryggja gæði og aðlaga þjónustu okkar að þessari framtíð. Gæði í endurskoðun og staðfestingu eru áfram í forgangi hjá KPMG.

Með viðvarandi nýsköpun stefnum við að því að skila stöðugum gæðum í endurskoðun í alþjóðlegu samstarfi:

- KPMG félög hafa innleitt samræmda áhættumiðaða nálgun á gæðastjórnunarkerfi okkar til að stuðla að gæðum í endurskoðun og staðfestingu, sem gerir okkur kleift að uppfylla kröfur alþjóðlegs gæðastjórnunarstaðals (ISQM 1).

Við hvetjum ykkur til að lesa gagnsæisskýrslu okkar til að fá nánari upplýsingar um það hvernig við erum að vinna að því að tryggja að þú getir treyst KPMG til að skila ýtrustu fagmennsku og gæðum.

[Gagnsæisskýrsla /
Transparency
Report](#) 

Gæði í endurskoðun okkar

Gæði mála fela í sér að gera hið rétta og er helsta verkefni okkar

Við höfum aukið samræmi og styrkleika gæðastjórnunarkerfis okkar til að uppfylla kröfur ISQM 1, alþjóðlegs gæðastjórnunarstaðall gefinn er út af International Audit and Assurance Standards Board. KPMG er með alþjóðlega samræmda nálgun á ISQM 1 sem er viðleitni okkar til að efla traust og gagnsæi gagnvart viðskiptavinum, fjármálamarkaði og þeim almenningi sem við þjónum.


Gæðarammi KPMG útskýrir hvernig við skilum gæðavinna og hvernig allir eigendur og starfsmenn leggja sitt af mörkum til þess



„**Að inna af hendi gæðavinnu**“ er kjarninn, ásamt skuldbindingu okkar um að fylgjast stöðugt með og bæta úr til að uppfylla markmið okkar um gæði.



Markmið okkar um gæði eru hornsteinar nálgunar okkar og gefa skýrar leiðbeiningar um réttra hegðun við að skila gæðum í endurskoðun.



Gerum ávallt hið rétta

Helstu niðurstöður endurskoðunar

Reikningsskillin

Við endurskoðunina höfum við lagt mat á reikningsskilaaðferðir, reikningshaldslegt mat og upplýsingar í ársreikningi. Við teljum þær almennt vera viðeigandi.

Endurskoðunaraðgerðir í endurskoðun á samstæðuársreikningi

Tekjur samstæðu 100% (2023: 100%)

Eignir samstæðu 100% (2023: 100%)

Mikilvægi

Mikilvægi fyrir ársreikninginn:

45 m.kr. (3% af heildartekjum skv. fjárhagsáætlun)

(2023: 39,4 m. kr.)

Við tilkynnum stjórnendum um mismuni aðra en þá sem eru greinilega óverulegir í eðli sínu eða 2,3 m.kr. (5% af mikilvægi fyrir ársreikninginn).

Óleiðréttir endurskoðunarmismunir

Mismunum eða skekkjum sem fram koma við endurskoðunina er safnað á sérstaka mismunalista og er lagt mat á uppsöfnuð áhrif þeirra undir lok. Enginn óleiðréttur mismunur er á mismunalista eftir endurskoðunina.

Veikleikar í innra eftirliti

Verulegir veikleikar í innra eftirliti

Aðrir veikleikar í innra eftirliti

Sjá umfjöllun um veikeika í innra eftirliti á bls. 10.

1

4

Mál frágengin samhliða seinni umræðu um ársreikning

- Móttaka undirritað staðfestingabréf stjórnenda
- Afgreiðsla og áritun sveitarstjórnar
- Ljúka og gefa út áritun endurskoðanda

Stjórnsýsluskoðun

Fram komu tveir verulegir veikleikar við könnun okkar á stjórnsýslu.

Í sérstakri skýrslu okkar til stjórnenda höfum við komið á framfæri ýmsum ábendingum í kjölfar stjórnsýsluskoðunar okkar.

Umfang endurskoðunar

Umfang endurskoðunar okkar nær yfir samstæðuársreikning sveitarfélagsins en undir hann falla sveitarsjóður, stofnanir og fyrirtæki þess, sbr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sjóður / félag				Nálgun	Endurskoðandi
	Hluti	Hlutfall tekna	Hlutfall eigna		
Sveitarfélag Aðalsjóður Eignasjóður Þjónustustöð Hafnarsjóður Fráveita Vatnsveita Naust	A hluti A hluti A hluti B hluti B hluti B hluti B hluti	97,5%	92,3%	Endurskoðaður ársreikningur	KPMG
Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps ehf.	B hluti	0,4%	1,0%	Óendurskoðaður ársreikningur	KPMG
Jarðarsjóður	B hluti	2,1%	2,1%	Óendurskoðaður ársreikningur	KPMG
Fræ ehf.	A hluti	0%	4,6%	Óendurskoðaður ársreikningur	KPMG
		100%	100%		

Við mat á umfangi er horft til tekna hverrar einingar sem fellur undir samstæðuna og er hlutfallsleg skipting sýnd hér að ofan

Áhættur og niðurstöður okkar

Veikleikar í
innra eftirliti

Möguleg sniðganga stjórnenda á eftirliti



Lýsing á áhættu

- Stjórnendur eru í aðstöðu til að eiga við fjárhagsfærslur og geta sett fram röng reikningsskil með því að sniðgagna eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig haft áhrif á reikningsskilin. Þess vegna er möguleg sniðganga stjórnenda á eftirliti skilgreind sem veruleg hættu vegna sviksemi.



Endurskoðunin

- Við lögðum mat á hvort breytingar á aðferðum og forsendum við reikningshaldslegt mat á milli ára væru viðeigandi og hvort hættu hafi skapast á hlutdrægni stjórnenda.
- Við skoðuðum veruleg viðskipti sem eru ekki hluti af hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins eða eru óvenjuleg að einhverju leyti og máttum hvort þau væru viðeigandi.
- Við beittum fyrirspurnum til einstaklinga sem koma að gerð reikningsskilanna um óviðeigandi eða óvenjuleg atriði tengd reikningsskilafærslum og lokafærslum.
- Við greindum færslur og lokafærslur með einkenni sem gætu bent til sviksemi og prófuðum hvort þær væru viðeigandi.



Niðurstöður okkar

- Engar færslur féllu undir skilgreiningu okkar um verulega áhættu. Prófun okkar leiddi ekki í ljós óheimilaðar, órökstuddar eða óviðeigandi færslur.
- Aðgerðir okkar greindu ekki veruleg óhefðbundin viðskipti.

Áhættur og niðurstöður okkar

Stjórnsýsluskoðun



Lýsing á áhættu

- Lagareglur gilda um form ákvarðana um álagningu skatta og þjónustugjalda og ákvarðana um hvers kyns útgjöld sveitarfélaga.
- Séu ákvarðanir ekki teknar í samræmi við lög kann að leika vafi á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfunar fjármuna.



Endurskoðunin

- Kannað er hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.
- Er í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktu er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.



Niðurstöður okkar

- Fram komu tveir verulegar athugasemdir við stjórnsýsluskoðun okkar. Sjá umfjöllun um veikleika á bls. 9.
- Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni.
- Auk þess komum við ábendingum til sveitarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2025.

Veikleikar vegna stjórnsýsluendurskoðunar

Lýsing á veikleikum vegna stjórnsýsluendurskoðunar

Staða

Verulegur veikleiki í innra eftirliti 1: Hækkun fráveitugjalds

Lýsing: Sveitarstjórn hefur hækkað árlegt fráveitugjald úr 0,225% skv. gjaldskrá nr. 1475/2021 í 0,28%, en þessi breyting hefur ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

Tillögur að úrbótum: Sveitarstjóri sjái til þess að breytingar á gjaldskrá vegna fráveitugjalds verði birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Viðbrögð stjórnenda: Brugðist hefur verið við ábendingunni. Ný gjaldskrá var birt 8. maí 2024 í B-deild Stjórnartíðinda og er nr. 1747/2023.

Hefur verið brugðist við þegar þessi skýrsla er gefin út

Verulegur veikleiki í innra eftirliti 2: Viðaukar við fjárhagsáætlun

Lýsing: Á árinu 2022 er að finna frávík frá því að fylgt sé reglum um samþykki viðauka við fjárhagsáætlun skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Meðal annars voru samþykkt í sveitarstjórn 11. ágúst 2022 útgjöld til nokkurra viðhaldsverkefna, en aukning vegna þeirra var ekki samþykkt í viðauka fyrr en 19. október 2022.

Tillögur að úrbótum: Sveitarstjóri sjái til þess að fylgt verði ákvæðum 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 við afgreiðslu viðauka við fjárhagsáætlun.

Viðbrögð stjórnenda: Ekki hefur nema að hluta verið brugðist við ábendingunni. Á árinu 2024 voru bókanir um viðauka ekki nægilega skýrar. Af bókunum verður oftast ekki ráðið um hvaða fjárhæðir er að ræða og hvernig kostnaði verði mætt. Fylgiskjöl eru ekki alltaf birt með fundargerð. Unnið hefur verið að því að breyta vinnulagi við gerð viðauka þannig að þeir verði lagðir fram í sveitarstjórn um leið og vitað er um fyrirhugaðar breytingar. Sveitarstjóri tekur þó fram að stundum þegar unninn er viðauki þá liggur ekki alltaf fyrir hver heildarkostnaður verður af viðkomandi verkefni.

Endurtekinn

Veikleikar í innra eftirliti

Tilgangur endurskoðunar okkar er að veita álit á reikningsskilunum. Við endurskoðunina tökum við tillit til innra eftirlits sem tengist gerð reikningsskilanna, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Við upplýsum um verulega veikleika í innra eftirliti sem komu í ljós við endurskoðun okkar og verðskulda að okkar mati athygli sveitarstjórnar.

Lýsing á veikleikum í innra eftirliti

Staða

Verulegur veikleiki í innra eftirliti 1: Aðgreining starfa

Lýsing: Tveir starfsmenn sveitarfélagsins hafa bókunaraðgang í fjárhagsbókhaldbi og aðgang að bankareikning í eigu sveitarfélagsins.

Möguleg áhrif: Það eykur hættu á villum og misferlum og veldur aukinni vinnu við afstemmingar og utanumhald bankareikninga.

Tillögur að úrbótum: Lagt er til að stjórnendur tryggi aðgreiningu starfa og hagi aðgangi starfsmanna að bankareikningum og fjárhagsbókhaldbi þannig að það valdi ekki hættu á villum og misferli.

Viðbrögð stjórnenda: Óbreytt frá fyrra ári

Endurtekinn

Aðrar upplýsingar sem skylt er að veita

Alþjóðlegir gæðastjórnunarstaðlar og endurskoðunarstaðlar innihalda ákvæði um skyldu til að upplýsa sveitarstjórn og sveitarstjóra um ákveðin mál. Hér fyrir neðan höfum við tekið saman þau mál sem okkur er skylt að upplýsa um og ekki koma fram hér á undan eða upplýst hefur verið um við endurskoðunina.

Atriði	Upplýsingar sem skylt er að veita	Atriði sem við upplýsum um
Sviksemi	Að því gefnu að lög leyfi: - Ef upp kemur grunur um sviksemi sem tengist stjórnendum, starfsmönnum sem gegna mikilvægum hlutverki í innra eftirliti eða öðrum þegar sviksemi leiðir til verulegrar skekkju í ársreikningi þá upplýsum við sveitarstjórn jafnóðum. - Ef við greinum önnur atriði sem að okkar mati eiga erindi við sveitarstjórn þá upplýsum við um þau.	- Það er ekkert til að upplýsa um - Megin ábyrgð á því að koma í veg fyrir og koma upp um sviksemi hvílir á sveitarstjórn og stjórnendum. Okkar ábyrgð er að veita álit með nægjanlegri vissu um að ársreikningurinn í heild sinni sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun og að einhverju sé viljandi sleppt.
Lög og reglur	Að því gefnu að lög leyfi: - Upplýsum við sveitarstjórn ef upp kemur við endurskoðunina að lögum og reglum sé ekki fylgt, að því gefnu að ekki sé um óverulegt atriði að ræða. - Ef upp kemur grunur um að lögum og reglum sé ekki fylgt ræðum við það við stjórnendur og upplýsum sveitarstjórn ef við á.	- Það er ekkert til að upplýsa um - Það er ekki á ábyrgð okkar að koma í veg fyrir að lögum og reglum sé ekki fylgt og ekki hægt að vænta þess að við greinum það þegar það á sér stað. Almennt má segja að því lengri tími sem líður frá slíkum atvikum og viðskiptum sem endurspeglast í ársreikningi, því minni líkur eru á að við greinum að lögum og reglum sé ekki fylgt.
Tengdir aðilar	Við upplýsum sveitarstjórn um veruleg atriði sem upp koma við endurskoðunina og tengjast tengdum aðilum sveitarfélagsins.	- Það er ekkert til að upplýsa um - Vegna eðlislægra takmarkana í endurskoðun getur verið að við berum ekki kennsl á tengsl við tengda aðila eða viðskipti við tengda aðila vegna þess að: - Stjórnendur hafa ekki upplýsingar um tengsl eða viðskipti við alla tengda aðila. - Tengsl við tengda aðila geta skapað meiri möguleika á samráði, leynd eða misnotkun af hálfu stjórnenda.

Aðrar upplýsingar sem skylt er að veita (framh.)

Atriði	Upplýsingar sem skylt er að veita	Atriði sem við upplýsum um
Verulegir erfiðleikar	Við upplýsum sveitarstjórn um verulega erfiðleika sem koma upp við endurskoðunina, ef við á.	Það er ekkert til að upplýsa um
Mikilvæg atriði	Við upplýsum sveitarstjórn um: - Mikilvæg atriði sem upp koma við endurskoðunina og voru rædd eða eru hluti af skriflegum samskiptum við stjórnendur, og - Önnur mikilvæg atriði sem að okkar faglega mati eiga erindi við sveitarstjórn.	Það er ekkert til að upplýsa um

A background image showing a business meeting. Two people in suits are seated at a desk. One person is holding a pen and pointing at a tablet. The other person is looking at the tablet. There are papers with charts and a pen holder on the desk. The image is partially covered by a blue gradient overlay on the left side.

01

Viðaukar

Niðurstöður endurskoðunar

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2025-2028

Fjárhagsáætlanir

- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnþæki þeirra. Samkvæmt sveitastjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára.
- Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlun sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs.
- Sveitarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2028 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.
- Athygli er vakin á að sem hluti af aðgerðum í tengslum við Covid 19 er sveitarstjórnun heimilað að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölul., 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga við stjórn sveitarfélagsins, þ.e. um jafnvægisreglu og skuldahlutfall, á tímabilinu frá 2021 til 2025. Gangi áætlanir eftir mun sveitarfélagið standast viðmið um rekstrarjöfnuð og skuldahlutfalli í lok árs 2025.
- Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin sem áætlanir ná til.
- Sjá nánar blaðsíðu 15 þar sem fjallað er um þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2028 í samanburði við fjárþörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestinga A og B hluta samkvæmt samþykktum áætlun.


Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2025-2028

Hér að neðan má sjá þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2028 í samanburði við fjárþörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestinga A og B hluta samkvæmt samþykktri áætlun. Fjárhæðir eru birtar í þús. kr.


Fjárhagsáætlun						
ISK '000	2023R	2024R	2025Á	2026Á	2027Á	2028Á
Rekstrartekjur	1.400.173	1.647.685	1.515.241	1.565.143	1.613.861	1.662.203
% vöxtur		17,7%	-8,0%	3,3%	3,1%	3,0%
Rekstrargjöld	1.088.062	1.266.279	1.266.793	1.332.552	1.401.988	1.459.928
% af tekjum	77,7%	76,9%	83,6%	85,1%	86,9%	87,8%
Framlegð	312.111	381.406	248.449	232.591	211.873	202.275
Framlegð %	22,3%	23,1%	16,4%	14,9%	13,1%	12,2%
Afskriftir	(75.383)	(75.748)	(93.971)	(102.625)	(107.951)	(111.538)
Rekstrarhagnaður (tap)	236.728	305.659	154.478	129.966	103.922	90.737
% af tekjum	16,9%	18,6%	10,2%	8,3%	6,4%	5,5%
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	(76.353)	(63.251)	(48.779)	(42.653)	(37.688)	(30.937)
Rekstrarniðurstaða	160.375	242.407	105.699	87.313	66.234	59.800
Veltufé frá rekstri	291.112	388.837	233.900	213.236	196.177	188.862
Afborganir langtímalána og leiguskulda	(78.226)	(76.084)	(78.387)	(81.261)	(83.323)	(85.752)
(Fjárþörf) greiðsluafgangur	212.886	312.753	155.513	131.975	112.854	103.110
Uppsafnaður afgangur - eftir afborganir lána og leiguskulda 2025-2028			155.513	287.488	400.342	503.452
Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins 2025-2028			(327.607)	(243.940)	(111.102)	(128.000)
Uppsöfnuð fjárþörf - vegna fjárfestinga 2025-2028			(327.607)	(571.547)	(682.649)	(810.649)
Lántökur tímabilsins 2025-2028			176.600	-	-	-
Uppsöfnuð lántaka - vegna fjárfestinga 2025-2028			176.600	176.600	176.600	176.600
Uppsöfnuð fjárþörf - samtals 2025-2028			4.506	(107.459)	(105.707)	(130.597)
Rekstrarjöfnuður skv. sveitarstjórnarlögum	195.864	465.178	508.481	435.419	259.246	213.347
Heildarskuldir	952.605	950.179	538.882	512.842	452.588	386.090
Skuldahlutfall, skv. skilgreiningu í reglugerð	68,0%	57,7%	35,6%	32,8%	28,0%	23,2%
Skuldaviðmið, skv. skilgreiningu í reglugerð	51,6%	48,1%	24,7%	27,4%	22,7%	19,6%

Áætluð þróun rekstrar 2025 - 2028

Þróun og áætlun tekna
ISK m.




Framlegð
ISK m.




Áætlaðar fjárfestingar og fjárbörf 2025 - 2028

Fjárfestingar
ISK m.




Uppsafnaður afgangur (fjárbörf)
ISK m.




Lykiltölur (1/2)

Rekstrarjöfnuður
ISK m.




Framlegðarhlutfall
%.



Lykiltölur (2/2)


Skuldahlutfall

%.



Skuldaviðmið

%.





kpmg.com/socialmedia

© 2025 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.